

Beiðni um úrskurð vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

Ábyrgðaraðili / ábyrgðaraðilar erindis: <input type="checkbox"/> Skólameistari <input checked="" type="checkbox"/> Kennari / Kennarar	Dagsetning tilvísunar: 19. okt. 2015
Nafn skóla: Verkmenntaskólinn á Akureyri	Símanúmer skóla: 4640300
Skólameistari: Hjalti Jón Sveinsson	Netfang: hjalti@vma.is
Kennari / Kennarar:	
Áfangaheiti og áfangalýsing (vefslóð): Áfangaheiti: ÍSLE3VT10/ÍSL416 Áfangalýsing: http://namskra.is/courses/54de060362933a7a340003e3	
<p>Ágreiningsefni:</p> <p>ÍSLE3VT10/ÍSL416 er settur saman úr tveimur eldri áföngum, ÍSL403 og ÍSL503, og er þannig 10 einingar í nýrri námskrá. Tveir kennarar skipta með sér kennslu í áfanganum og það útheimtir samráð um skipulag, verkefnaskil, yfirferð verkefna og mat umfram það sem tíðkast í hefðbundnum áfanga, sbr. fylgiskjal. Þessi vinna hefur ekki fengist metin til launa þar sem sýnidæmi gera ekki ráð fyrir tveggja kennara kerfi. Íslenskudeild VMA telur að þetta falli undir liðinn „staðfestur viðbótartími vegna sérstakra aðstæðna“, sbr. vinnumatsskjal. Skólastjórnendur segja hins vegar að engir peningar séu til og skv. fyrirmælum Menntamálaráðuneytisins skuli aðeins greiða laun miðað við sýnidæmin.</p>	
Sent á formann vinnumatsnefndar <input type="checkbox"/> Starfsnám 1: Helga Jóhanna Baldursdóttir helgajo@idnaskolinn.is <input type="checkbox"/> Starfsnám 2 og listgreinar: Gréta Mjöll Bjarnadóttir greta@fa.is <input type="checkbox"/> Félagsgreinar / Íþróttir / Starfsbrautir: Lára Stefánsdóttir lara@mtr.is <input checked="" type="checkbox"/> Tungumál / Íslenska: Halldóra Sigurðardóttir hals@mh.is <input type="checkbox"/> Raungreinar / Stærðfræði: Lárus H. Bjarnason larushb@mh.is	Fylgigögn <input type="checkbox"/> Vinnumat kennara <input type="checkbox"/> Vinnumat skólameistara <input checked="" type="checkbox"/> Önnur gögn:

Vinnumatsnefndir áskilja sér rétt til að kanna sjónarmið um vinnumat áfangans hjá aðilum málsins og kalla eftir frekari gögnum.

Úrskurður vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

Vinnumatsnefnd tungumála og íslensku	Málsnúmer 2
Nafn skóla VMA	Áfangaheiti ÍSLE3VT10/ÍSL416
Dagsetning sem málið barst 19. október	Dagsetning úrskurðar 6. nóvember
Niðurstaða vinnumatsnefndar	
<p>Vinnumatsnefnd tungumála og íslensku telur ekki fært að úrskurða um málið eins og það er sett fram.</p> <p>Nefndin bendir á að í 6. gr. kjarasamnings KÍ og ríkisins frá 4. apríl 2014 er vinnuþáttum kennarastarfsins lýst. Þar kemur fram í B-hluta að kennurum er m.a. ætlaður tími í faglegt samráð. Meðfylgjandi gögn varpa ekki ljósi á að hve miklu leyti kennarar telja sig nota meiri tíma í faglegt samráð við nýjan áfanga en gert var áður þegar áfanginn var kenndur í tvennu lagi.</p> <p>Í 7. gr. áðurnefnds kjarasamnings eru taldir upp ýmsir þættir sem geta haft áhrif á vinnumat áfanga, s.s. ýmislegt sem lýtur að undirbúningi (t.d. endurhönnun og þverfagleg kennsla) og í lok greinar er fjallað um áhrif persónu- eða aðstæðubundinna þátta á frávík frá grunnmati áfanga. Vera má að undirbúningur og vinna tveggja kennara í nýjum 10 eininga áfanga geti fallið undir einhver þessara ákvæða. Til þess að svo geti verið þarf að sýna fram á að kennslufyrirkomulagið kalli á aukna vinnu sem ekki hafi verið innt af hendi þegar efni áfangans var kennt í tveimur áföngum.</p> <p>Vinnumatsnefnd tungumála og íslensku hvetur málshefjendur til að kryfja málið til mergjar og þegar/ef fyrir liggur afgerandi niðurstaða um aukna vinnu við samráð er eðlilegt að leita samkomulags við skólastjórnendur um framhald málsins. Náist ekki ásættanleg niðurstaða er mögulegt að senda annað erindi þar sem helst komi fram sjónarmið beggja aðila. Sé niðurstaðan sú að ekki sé um aukna samvinnu að ræða frá því sem áður var stendur ákvörðun skólameistara.</p>	
Framvinda máls: <input checked="" type="checkbox"/> Mál afgreitt <input type="checkbox"/> Máli vísað til úrskurðarnefndar	